



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Er málfræðikennsla skapandi?

Greining á sköpun í málfræðinámsefni á miðstigi

Freydís Erna Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Júní 2023

DEILD FAGGREINAKENNSLU

Er málfræðikennsla skapandi?
Greining á sköpun í málfræðinámsefni á miðstigi

Freydís Erna Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku

Leiðbeinandi: Hanna Óladóttir, lektor

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2023

Er málfræðikennsla skapandi?

Greining á sköpun í málfræðinámsefni á miðstigi

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs

í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku

við Deild faggreinakennslu

á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2023 Freydís Erna Guðmundsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Málfræðikennsla hefur lengi einkenst af vinnubókavinnu þar sem stærsti hluti verkefna eru eyðufyllingar- og undirstrikunarverkefni. Kennslan hefur einnig mikið snúist um að hamra á réttu og röngu máli samkvæmt gömlum málstaðli en ekki mikið talað um mismunandi málvenjur fólks. Þessi kennsla er ekki mjög skapandi en Aðalnámskrá grunnskóla segir að öll kennsla eigi að fylgja grunnþáttum menntunar en einn grunnþáttur menntunar er sköpun. Sköpun á því að fléttast inn í allt nám og þar með talið málfræði. Hér er málfræðinámsefni á miðstigi greint og athugað hvernig sköpun birtist í því. Greindar eru tvær bókaðir, *Málrækt* og *Orðspor*. Bókaðirnar eru misgamlar en önnur kom út á eftir nógildandi aðalnámskrá á meðan hin kom út fyrir. Bókaðirnar verða bornar saman til að sjá hvort framfarir hafi orðið í þessum efnum. Hver bók er tekin og fundin öll þau verkefni sem telja má til skapandi verkefna. Niðurstöðurnar eru að einhverja sköpun er að finna í hverri bók en *Orðspors-*bækurnar eru þar betur settar enda eru þær nýrri. Þó svo að einhverja sköpun hafi verið að finna í *Málrækt* þá var það mestmegnis í formi ritunar og því einhæf sköpunarvinna. Taka má þessar niðurstöður og velta fyrir sér hvort kenna eigi báðar þessar bókaðir og hvort bæta þurfi við enn meiri sköpun í málfræðikennsluna.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Töfluskrá	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Rannsóknir á málfræðikennslu í gegnum tíðina	9
3 Sköpun í skólastarfi	12
4 Skólamálfræði?	14
5 Úttekt á námsefni	17
5.1 Málrækt	17
5.1.1 Málrækt 1	18
5.1.2 Málrækt 2	19
5.1.3 Málrækt 3	20
5.1.4 Samantekt.....	21
5.2 Orðspor.....	22
5.2.1 Orðspor 1.....	23
5.2.2 Orðspor 2.....	25
5.2.3 Orðspor 3.....	26
5.2.4 Samantekt.....	27
5.3 Samanburður.....	28
6 Niðurstaða og umræður	31
7 Lokaorð.....	33
Heimildaskrá	34

Töfluskrá

Tafla 1. Hlutfall málfræði í <i>Málrækt</i> og hlutfall sköpunar í málfræðiverkefnum bókanna.....	21
Tafla 2. Hlutfall málfræði í <i>Orðspori</i> og hlutfall sköpunar í málfræðiverkefnum bókanna.....	27
Tafla 3. Hlutfall málfræði og sköpunar í <i>Málrækt</i> og <i>Orðspori</i> (samanlagt lesbók og vinnubók)	29

Formáli

Þegar ég var að kenna sem forfallakennari og var að kenna sama málfræðinámsefni og ég hafði sjálf verið í þá fór ég að skoða það nánar. Mér þótti þetta óspennandi námsefni og sá að nemendum fannst það líka. Þetta voru einhæf verkefni og enga sköpun að sjá. Ég ákvað því að skoða hvaða málfræðinámsefni væri í boði og skoða hvers kyns verkefni væri að finna í þeim. Ég vil þakka fjölskyldu og vinum fyrir hvatningu og veittan stuðning við vinnu verkefnisins.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur) Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 8. maí 2023

Freydís Erna Guðmundsdóttir

1 Inngangur

Hlutverk íslenskukennslu er margþætt og víðtækt. Tungumál eru hluti af daglegu lífi allra, hvort sem það er íslenska, íslenskt táknmál eða annað tungumál. Tungumálið er tæki og aðalsamskiptamáti fólks, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli. Mál og bókmenntir eru meðal þess sem talið er til menningararfs þjóðarinnar, það ber að rækta, virða, njóta og þróa. Góð kunnátta á móðurmáli sínu er undirstaða góðrar menntunar og eru heimili og skóli mikilvægir þættir í máluppeldi barna. Mikilvægt er að skapa sem bestan grunn fyrir áframhaldandi nám. Kenna þarf grunn í öllum þáttum íslenskunnar en íslenskukennslu er skipt í fjórar undirgreinar, a) talað mál, hlustun og áhorf b) lestur og bókmenntir c) ritun og d) málfræði. Íslenskukennsla í grunnskólum á að efla tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli en einnig eiga nemendur að nota málið og kynnast mætti þess. Hlutverk íslenskukennslu er að fræða um málið og efla málnotkunarfærni nemenda en málið er einnig miðill sköpunar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Skapandi hugsun er nauðsynleg í lífinu öllu, jafnt í skóla sem starfi. Vinna þarf bæði með skapandi hugsun og sköpun í verki í skólastarfi en mikilvægur þáttur í skapandi námi er að rækta ímyndunaraflíð. Allir geta verið skapandi og hægt er að þjálfva skapandi hugsun, sköpunargleði og gagnrýna hugsun með fjölbreyttum verkefnum. Sköpun þarf að vera einn af lykilþáttum í skólastarfi (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012). Því er ljóst að allt nám ætti að byggjast á sköpun bæði í hugsun og verki. Hér verður sköpun skoðuð í sambandi við málfræðikennslu.

Skiptar skoðanir eru um hvað eigi að kenna í málfræði í skólum, hvaða aðferðum eigi að beita og hvaða námsefni eigi að kenna. Málfræðikennslan er gagnrýnd fyrir það að festast oft í umræðu um rétt og rangt mál og vera gamaldags og einhæf (Ásgrímur Angantýsson o.fl., 2018, bls. 135). Því má gera ráð fyrir að ekki sé mikið um sköpun í málfræðikennslu.

Ég var að vinna sem forfallakennari í vetur og hef verið að kenna töluvert á miðstigi. Þegar ég var að kenna sama námsefni og ég hafði sjálf verið í fyrir meira en áratug síðan fór ég að velta fyrir mér námsefni sem stendur til boða í íslensku á miðstigi. Mér fannst verkefnin vera einsleit og ýta undir leiða nemenda á námsefninu og áberandi að það var lítil sem engin sköpun í verkefnunum. Það var sérstaklega áberandi hvað nemendum fannst málfræðinámsefnið leiðinlegt og einhæft. Sköpun sem á sér stað í íslenskukennslu í grunnskólum hefur oftast verið í formi ritunar. Færst hefur í aukana skapandi skil á verkefnum í skólastarfi en á það einnig við um málfræði? Þar sem ég vann var bæði verið að kenna *Orðspor* og *Málrækt* og kannaði ég í kringum mig hvaða málfræðibækur væri verið að kenna annars staðar. Það virtust flestir sem ég heyrði í vera að nota *Orðspor* og einhverjir enn að nota *Málrækt* með. Nýjasta útgáfa *Málræktar* kom út fyrir núgildandi aðalnámskrá á

meðan Orðspor er nýrri. Því ákvað ég að skoða þessar tvær bókaðir nánar og bera saman við aðalnámskrá og hugmyndir um sköpun, einn grunnþátt menntunar.

Ritgerðinni er skipt niður í fjóra aðalkafla, fyrst er fjallað um rannsóknir á málfræðikennslu í gegnum tíðina, næst er kafli um sköpun í skólasterfi, þar á eftir verður fjallað um málfræði og hvernig hún er gjarnan kennd og loks kemur greining á námsefninu.

Hér verður leitast svara við eftirfarandi spurningum: Hvernig birtist sköpun í málfræðinámsefni á miðstigi og hafa orðið framfarir með nýrra námsefni? Gerður verður samanburður á misgömlu námsefni fyrir miðstig grunnskóla.

2 Rannsóknir á málfræðikennslu í gegnum tíðina

Þegar leitað er að rannsóknum á málfræðikennslu á miðstigi er ekki um auðugan garð að gresja. Einna helst er það rannsókn sem kallast ÍNOK rannsóknin sem gerð var á íslenskukennslu í grunn- og framhaldsskólum árin 2013-2017 (Ásgrímur Angantýsson o.fl., 2018). Einnig gerði Ingvar Sigurgeirsson (1993) vettvangsrannsókn á miðstigi á árunum 1987-1988 þar sem meðal annars var fylgst með íslenskukennslu. Hér verða þessar tvær rannsóknir skoðaðar með málfræðikennslu í brennidepli. Þegar rannsókn Ingvars var framkvæmd voru *Málræktar*-bækurnar frekar nýjar og mikið notaðar og því fannst mér tilefni til þess að skoða þessa rannsókn.

Rannsókn Ingvars leiddi í ljós að íslenska væri ekki kennd sem heildstæð námsgrein. Íslenskunni var skipt í fimm undirgreinar, ljóð, bókmenntir, stafsetningu, málfræði og ritun. Undirgreinarnar virtust lítið tengdar og ekki mikið vísað á milli. Undirgreinar íslenskunnar virtust því jafn lítið tengdar og aðrar óskyldar greinar eins og samfélagsfræði og náttúrufræði. Íslenska var langstærsta námsgreinin á miðstigi á þessum tíma. *Málrækt* var mest notaða kennslufnið í íslensku og líkaði bæði nemendum og kennurum vel við það. Þar á eftir kom *Stafsetning*, *ritreglur* og *æfingar*, nemendum þótti sú bók hins vegar ekki skemmtileg og höfðu nemendur neikvætt viðhorf gagnvart stafsetningar-kennslu. Einnig voru um það bil 10% nemenda sem nefndu bókmenntanámsfnið leiðinlegasta námsefnið (Ingvar Sigurgeirsson, 1993).

Námsefni gefið út af Námsgagnastofnun var notað í 65,3% af heildarkennslutíma íslensku. Það var notað í öllum undirflokkum íslenskunnar en þó afgerandi minnst í ritunarkennslu. Heimatilbúið efni, oftast vinnublöð, voru einnig mikið notuð í íslenskukennslu og þá einna helst málfræðikennslu. Þetta efni var notað í 44% málfræðikennslustunda (Ingvar Sigurgeirsson, 1993). Gera má ráð fyrir því að þetta heimatilbúna efni hafi verið að mestu leyti eyðufyllingarverkefni eða önnur hefðbundin málfræðiverkefni.

Kennsluaðferðum sem beitt var er hægt að skipta í þrjá meginflokka. Fyrsti flokkurinn er þegar nemendur vinna sjálfir, annar flokkurinn þegar kennarinn stýrir en nemendur taka þátt og sá þriðji þegar kennarinn beitir beinni hópkenndu. Algengasta aðferðin í íslenskukennslu er að láta nemendur fá æfingar og verkefni sem þeir eiga að leysa sjálfir. Algengara var í íslensku heldur en öðrum greinum að hafa upprifjanir eða endurtektir. Þetta stafaði af því að mikil áhersla er lögð á að festa stafsetningar- og málfræðireglur í minni nemenda. Lítið var um hópvinna í íslensku sem og öðrum greinum þó svo að öll samvinna hafi verið talin með (Ingvar Sigurgeirsson, 1993). Af þessu má draga þá ályktun að málfræðikennsla hafi mest snúist um að nemendur ynnu hver fyrir sig í hefðbundnum málfræðiverkefnum.

Skapandi verkefni voru í 37,1% kennslustunda í íslensku en leikræn tjáning einungis 1,4% þeirra. Þó var mikil áhersla lögð á leikræna tjáningu í aðalnámskránni sem var í gildi á þessum tíma. Undir skapandi verkefni teljast öll þau verkefni sem fela í sér ritun, söng, myndir eða myndbönd og leikræna tjáningu. Ritunarverkefni skipa stóran part af hlutfalli skapandi verkefna (Ingvar Sigurgeirsson, 1993). Því má álykta að skapandi verkefnin hafi lítið eða ekkert tengst málfræðinni.

Miðað við þessa rannsókn má draga þá ályktun að málfræðikennslan hafi mestmegnis verið annars vegar vinnubókarvinna og hins vegar vinnublaðavinna. Því má segja að kennslan hafi verið frekar einhæf og alls ekki skapandi. *Málrækt* var mest notaða kennsluefnið og inniheldur nýjasta útgáfan nánast einungis hefðbundin málfræðiverkefni og gera má ráð fyrir því að í þeirri útgáfu sem þarna var notuð hafi eingöngu verið hefðbundin málfræði. Því er hægt að segja að kennslan hafi verið einhæf vinnubókarvinna með áherslu á að nemendur læri „rétt mál“.

ÍNOK rannsóknin leiddi í ljós að ekki sé mikið lagt upp úr málfræðikennslu á yngri stigum grunnskóla en þá er henni frekar fléttað inn í aðra kennslu. Með hækkandi aldri nemenda virðist mikilvægara að hafa málfræðikennsluna sem sér einingu innan íslenskukennslunnar. Skólastjórnendur tala um að kenna eigi íslensku sem heildstæða námsgrein en það virðist ekki alltaf raunin. Það virðist því mismunandi hvort íslenska sé kennd sem heildstæð grein eða skipt eftir undirgreinunum (Ásgrímur Angantýsson o.fl., 2018, bls. 168-170).

Vettvangsathuganir í ÍNOK rannsókninni benda til þess að þegar komið er í efri bekk grunnskóla þá líta fleiri á málfræði sem sjálfstæða einingu innan íslenskunnar. Málfræðikennsla virðist snúast mest um að beygja orð, greina þau eftir kyni, tölu, falli og tíð. Ekki er fjallað mikið um orðaröð eða setningafræði og fátítt að umræður séu um málfar og málnotkun þá helst um rétt og rangt mál. Hljóðkerfis- og hljóðfræði er ekkert kennd (Ásgrímur Angantýsson o.fl., 2018, bls. 141-144).

Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir að þó svo að íslenskunni sé skipt í fjórar undirgreinar þá eigi að kenna hana sem heildstæða námsgrein. Málfræði á því ekki að vera einangruð kennslugrein, heldur fléttuð inn í alla íslenskukennslu.

Algengt er að hafa töfluinnlögn í málfræðikennslu á mið- og unglingastigi grunnskóla en kennarar telja það skila bestum árangri. Þá tala kennarar um að þeir reyni að hafa fjölbreytt verkefni en þó virðast vinnubókarverkefni skipa stóran part. Þá eru einhverjir sem leggja áherslu á að tengja málfræðina við málnotkun. Einn nefnir að hann reyni að kenna þeim rétt mál en segir samt að eðlilegt sé að tungumálið breytist og að það sé eðlilegt að nemendur tali ekki nákvæmlega eins og þeir sem eldri eru. Einn kennari í 9. bekk sagði að mikilvægt væri að hafa málfræðikennsluna fjölbreytta, til dæmis er hann með nemendakynningar,

leikþætti um málfræðihugtök og bókarlaust málfræðispjall í bland við sjálfstæða vinnu nemenda (Ásgrímur Angantýsson o.fl., 2018, bls. 144-145).

Kennarar eru mishrifnir af vinnubókum í málfræðikennslu, sumir nota þær eingöngu til að skerpa á efni, aðrir reyna alveg að sniðganga þær en flestir eru sammála um að ekki sé gott að vinna slíkar eyðufyllingarbækur frá upphafi til enda (Ásgrímur Angantýsson o.fl., 2018, bls. 149). Ef gera á námið skapandi eins og aðalnámskrá leggur til þá er víst að ekki er nóg að nota eyðufyllingabækur.

3 Sköpun í skólastarfi

Skólastarf á meðal annars að byggjast á grunnþáttum menntunar en Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir ásamt öðru að grunnþættir menntunar skuli móta efnisval og inntak náms, starfshætti og vinnubrögð kennara og starfsfólks skóla. Einnig þarf að byggja á grunnþáttunum þegar meta á skólastarf. Þeir eiga jafnt við í sérhverri námsgrein og samþættingu milli greina.

Sköpun sem grunnþáttur menntunar á að stuðla að ígrundun, innblæstri, persónulegum þroska og sveigjanleika í námi, frumkvæði og nýsköpun. Rækta þarf bæði skapandi hugsun og sköpun í verki í skólastarfi (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 6). Sköpun er flókið fyrirbæri sem byggir á ímyndunarafl og gefur niðurstöðu sem er frumleg og hefur gildi. Flestir eru sammála um að sköpun snúist um að búa eitthvað til sem byggist jafnt á hugarflugi eða ígrundun en einnig því sem sýnt er í verki (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 18). Sköpun á ekki einungis heima í list- og verkgreinum heldur er hún nauðsynleg í allri menntun. Grunnþættir menntunar innihalda allir sköpun þar sem þeir byggjast á gagnrýnni hugsun og ígrundun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 18).

Sköpun er nauðsynleg til að móta einstaklinga. Þeir geta speglað sig í listum og menningu og þannig áttað sig betur á hvernig manneskja þeir eru eða vilja vera. Sköpun getur einnig eflt félagslega drætti í persónu hvers einstaklings og þannig aukið þátttöku hans í samfélaginu (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 11). Sköpun í skólastarfi felst í því að nemendur og kennarar noti ímyndunarafl við að miðla og tileinka sér námsefni. Þannig skapast persónulegur skilningur á efninu sem er misjafn fyrir hvern og einn (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 2). Sköpun á vel við þegar námsgreinar eru samþættar en samvinna er einn af lykilþáttum í skólastarfi, bæði hjá nemendum og kennurum. Þegar einstaklingar sameina krafta sína geta komið flott skapandi verkefni út úr vinnunni (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 37).

Sköpun er margslungin og tengist bæði lífi og starfi og felst í margskonar úrlausnum. Hún byggir á þekkingu, sjónarmiðum, aðferðum og leiðum til að koma hlutum frá sér. Margar úrlausnir koma til greina eins og til dæmis dans, myndlist, smíðar, leiklist, matreiðsla, byggingarlist, textíll, móðurmál eða tónlist (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 19). Meiri krafa er um sköpun í skólastarfi núna en áður og er það meðal annars vegna aukinnar áherslu á sköpun á vinnumarkaði (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 6).

Kennarinn er mjög mikilvægur þegar kemur að sköpun í skólastarfi en þekking hans, viðhorf og færni skiptir miklu máli. Kennarinn leiðir námið og hvetur nemendur áfram. Hann þarf að vera óhræddur við að fara ótroðnar slóðir og treysta á sjálfan sig. Kennarinn þarf að

vekja áhuga nemenda og nota fjölbreyttar leiðir til þess. Hann þarf einnig gera nemendum ljóst að það er ekkert rangt í sköpun (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 42-44).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir: „Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu.“ Hægt er að auka skilning nemenda á fjölbreytileika tungumála með umræðu um málin. Til að nemendur geti rætt um tungumál og málnotkun er gagnlegt að kunna skil á helstu málfræðihugtökunum. Þau eru einnig mjög mikilvæg til að geta flett upp í orðbókum eða öðrum gagnasöfnum um mál.

Mikilvægt er að miða málfræðikennslu út frá fyrri þekkingu nemenda og efla sjálfstraust þeirra í málnotkun. Sköpunarmáttur tungumálsins er nýttur við nýyrðasmíð, skáldskap og í alls konar leikjum með tungumálið. Vekja þarf athygli nemenda á því hve fjölbreytt tungumálið er (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 100).

Eins og áður hefur komið fram þá er íslensku skipt í fjórar undirgreinar en þó er mælt með að nýta tækifæri sem gefast til að tengja undirgreinarnar saman. Til dæmis er hvatt til að nýta öll þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugtök, til dæmis við ritunar- og bókmenntakennslu. Þó þeim sé skipt í þessa undirflokk þá skarast hæfniviðmiðin af og til milli greina. Til að mynda er hæfniviðmið fyrir 7. bekk í málfræði að geta „nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta“, fyrir 10. bekk hljóðar það svo að geta „áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap“. Í þessum hæfniviðmiðum eru ritun og skáldskapur nefnd sem hafa samt sem áður sín eigin hæfniviðmið. Finna má fleiri hæfniviðmið þar sem undirgreinar íslenskunnar skarast en það er meira áberandi í hæfniviðmiðum unglingsstigs. Þetta gefur til kynna að undirgreinarnar geti ekki verið kenndar einar og sér heldur þarf að kenna íslensku sem heildstæða námsgrein alveg frá byrjun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Því getur verið tilvalið að samþætta undirgreinar íslenskunnar en einnig samþætta íslensku við aðrar námsgreinar til að ná sem mestri sköpun fram. Til að vinna skapandi með málfræði þarf að vinna með einhver ákveðin málfræðiatríði og gefa nemendum ákveðið frelsi í útfærslu og leyfa þeim að nýta sköpunarmátt tungumálsins en einnig sköpun í verki.

4 Skólamálfraeði?

Tungumál eru stöðugt að breytast og þróast en breytingarnar koma yfirleitt fyrst fram í talmálinu (Hanna Óladóttir, 2011, bls. 1-2). *Málstaðall* er hlutlaus samnefnari sem ritmál byggist á, það málbrigði sem opinber skjöl birtast á og það mál sem útlendingum er kennt í formlegu námi (Eiríkur Rögnvaldsson, 2022, bls. 23-26). Málstaðall er safn margra málsniða en nær þó ekki yfir allar þær málvenjur sem til eru (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 32-35). Málstaðallinn á Íslandi í dag miðast við það sem þótti vandað ritmál fyrir 80-100 árum síðan (Eiríkur Rögnvaldsson, 2022, bls. 23-26). Þó eitthvað sé ekki eftir málstaðli þá er það partur af máli mjög margra (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 32-35).

Rétt mál er sú málnotkun sem er í samræmi við málvenju og *rangt mál* sú málnotkun sem er ekki í samræmi við neina málvenju. Rangt mál er því eitthvað sem enginn með íslensku að móðurmáli gæti sagt. Oft er fleira en eitt sem telst rétt mál þar sem málvenja getur verið mismunandi til dæmis milli landshluta. Málfræðibækur sýna oft aðeins algengustu málvenjuna eða staðalmálið en ekki allar þær málvenjur sem til eru. Því geta einhverjir haldið að eitthvað sé rangt mál sem í rauninni er einnig rétt (Höskuldur Þráinsson, 2021, bls. 336-338). Því ætti að minnka áhersluna á rétt og rangt mál og einbeita sér frekar að málvenjum nemenda. Málvenjur nemenda eru ekki endilega í samræmi við málstaðal og því væri hægt að ræða bæði málvenju þeirra en einnig málstaðalinn.

Málstaðall ræður ekki réttu og röngu máli eins og komið var að hér á undan heldur er það málvenja einstaklinga. Það fá ekki allar málvenjur viðurkenningu í málsamfélaginu en sumar fá viðurkenningu án þess að nokkur taki eftir því. Málvenjur geta fengið jákvæða eða neikvæða umfjöllun en einnig alls enga umfjöllun. Málvenja getur breiðst út og fests í sessi hjá mörgum málnotendum án þess nokkurn tíma að fá viðurkenningu málsamfélagsins. Þetta gæti til dæmis átt við hina svo kölluðu þágufallshneigð (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 32-35). Litið hefur verið niður á þágufallshneigðina og virðist samfélagið ekki vera svo sáttt við að viðurkenna hana. Samt sem áður er hún orðin að málvenju margra og því ætti þágufallshneigðin að teljast rétt. Þágufallshneigðin er hluti af málvenju margra grunnskólabarna og því er spurning hvort ætti að telja hana rétta í málfræðinámsefni grunnskóla.

Samfélagið á þeim tíma sem málstaðallinn var ákveðinn er á margan hátt frábrugðið því sem það er í dag. Er því hægt að ætlast til að nútíma samfélag fylgi sama staðli og þá var fylgt? Í dag getur hver sem er búið til afþreyingarefni fyrir almenning svo sem hlaðvörp eða efni á samfélagsmiðlum. Þetta efni er ekki ritskoðað og því kemur alls konar íslenska fram í efninu. Það er því ekki nema von að ungt fólk tileinki sér mál sem ekki fylgir málstaðlinum. Málið hefur talsvert breyst en málstaðallinn hefur ekki breyst með. Þess vegna þyrftu

málnotendur að hafa meira fyrir því að fylgja staðlinum og það þyrfti að kenna meiri formlega íslensku. Þróunin fer hins vegar í hina áttina, íslenskukennsla hefur ekki aukist og ungt fólk les minna af bókum þar sem staðalmál er að finna. Þessi þróun breiðkar sífellt bilið milli máls almennings og málstaðalsins. Því er hægt að velta fyrir sér hvort eigi samt sem áður að halda í óbreytt staðalmál eða hvort eigi að breyta því (Eiríkur Rögnvaldsson, 2022, bls. 23-26). Einnig þarf að velta fyrir sér hvort kenna eigi málstaðalinn eða frekar fjalla um málvenju nemenda og þannig vinna með það mál sem þeir nota. Það getur ekki talist skapandi að hamra endalaust á réttu og röngu máli.

Forskriftarmálfræði segir til um hvernig málinu skal beitt, hvað er rétt og hvað er rangt. Málfræðin er kennd eftir þeim málstöðlum sem eru í gildi þegar kennsla fer fram. Breytingar sem eiga sér stað í talmálinu eru því sjaldan teknar fyrir í málfræðikennslu. *Lýsandi málfræði* snýst um hvernig málinu er raunverulega beitt. Þá er fjallað um breytileika og tilbrigði í tungumálinu og mismunandi málsnið, það er mismunandi málfar eftir mismunandi aðstæðum (Hanna Óladóttir, 2011, bls. 2). Þar sem forskriftarmálfræði snýst um reglur og málstaðal er erfitt að uppfylla öll hæfniviðmið með þeirri aðferð. Ljóst er að einnig þarf að kenna í anda lýsandi málfræði til að ná þeim fram. Ef sköpun á einnig að komast að í kennslu er alveg ljóst að styðjast þarf við lýsandi málfræði.

Forskriftarmálfræði er mjög ríkjandi í málfræðikennslu á unglingsstigi og lítið fer fyrir lýsandi málfræði. Málfræðihugtök eru kynnt í forskriftarmálfræði en þau eru oft notuð til að lýsa röngu máli eða hvað skal ekki gera eða segja. Málfræðihugtökin eru nauðsynlegur grunnur en hvernig kennarar og nemendur nota þau er lykilatriði (Hanna Óladóttir, 2011, bls. 6-7). Þó þetta eigi við um unglingsstig þá má áætla að svipað eigi við um miðstig.

Eyðufyllingar- og undirstrikunarverkefni sem eru algeng í málfræðikennslu í grunnskólum eru ekki talin skila tilætluðum árangri. Margir hafa fordæmt aðferðir forskriftarmálfræði en sagt hefur verið að áherslan á að nemendur noti rétt málfar geti ýtt undir neikvæða afstöðu þeirra til málsins. Aðferðir forskriftarmálfræði duga ekki til að ná markmiðum aðalnámskrár og ljóst að einnig þurfi að nota aðrar aðferðir (Hanna Óladóttir, 2011, bls. 6-8). Hægt væri að nota lýsandi málfræði í auknum mæli meðfram notkun á forskriftarmálfræði og þannig koma frekari sköpun inn í kennsluna.

Í forskriftarmálfræði er ekki fjallað um að málið sé lifandi og félagslegt fyrirbæri og því breytilegt. Það er þó fjallað um staðbundnar framburðarmállýskur í einhverjum málfræðikennslubókum en að öðru leyti er ekki fjallað um breytileika í máli. Það er frekar fjallað um hvernig eigi að nota málið en ekki hvernig það er notað í raun og veru. Það er munur á tungumálinu milli kynslóða og eðlilegt að börn og unglingar taki eftir því og því mikilvægt að fjalla um þær breytingar og mismunandi tilbrigði sem til eru í málinu. Þannig

myndast tenging milli þess sem börn heyra heima hjá sér og úti í samfélaginu og þess sem þau læra í skólanum (Hanna Óladóttir, 2011, bls. 8). Í þessum tilfellum má einnig ætla að skynsamlegt sé að nota lýsandi málfræði samhliða forskriftarmálfræðinni. Eigi að byggja ofan á þekkingu nemenda á málinu, hlýtur að teljast viturlegt að nýta lýsandi málfræði og fjalla um tungumálið eins og þeir nota það.

Lítið hefur verið niður á ýmis tilbrigði í íslensku máli og það sem þykir rangt mál leiðrétt. Þetta á við flesta þætti tungumálsins en það eina sem er „leyft“ er framburðarmunur milli landshluta. Ákveðin stéttaskipting hefur myndast vegna tungumálsins. Þeir sem hafa gott vald á málstaðlinum eru vel settir í samfélaginu. Þeir sem hins vegar standa höllum fæti af einhverjum ástæðum, til dæmis ungt fólk, lítið menntað eða fólk af erlendum uppruna, eru ekki jafn vel sett. Réttast væri að fjalla um ólík tilbrigði í málinu í stað þess að reyna að móta alla í sama formið (Eiríkur Rögnvaldsson, 2022, bls. 296-297). Þetta er til dæmis hægt að gera með því að fjalla um unglingamál og íslensku þeirra sem ekki hafa hana að móðurmáli.

Áður hefur komið fram að markmið málfræðikennslu sé meðal annars að glæða áhuga nemenda á tungumálinu. Ég held að það sé ekki hægt með því að fjalla um rétt og rangt mál og endalausar málfræðireglur í forskriftarstíl. Til að kveikja áhuga nemenda á málinu væri árangursríkara að kenna í anda lýsandi málfræði, ræða og ígrunda tungumálið og hafa fleiri skapandi verkefni. Sköpun er einn grunnþáttur menntunar sem á að styðjast við í öllu námi og þar á málfræðikennslan ekki að vera undanskilin. Nýta þarf málvenju nemenda og byggja ofan á hana meiri þekkingu á tungumálinu og öllum tilbrigðum þess.

5 Úttekt á námsefni

Í grunnskólum í dag er bæði verið að kenna *Orðspor* og *Málrækt* eins og áður hefur komið fram. Hér verða bókaáritnar greindar út frá þeim þáttum sem fjallað hefur verið um. Eru verkefni hefðbundin málfræðiverkefni eða í forskriftarstíl? Eða eru verkefni frekar í anda lýsandi málfræði og þá mögulega skapandi verkefni? Eins og kom fram hér á undan felst sköpun í því að nota ímyndunaraflíð og nálgast námsefnið á annan og nýjan hátt. Skapandi nám á meðal annars að stuðla að innblæstri, frumkvæði og nýsköpun. Niðurstaðan á að byggja á hugarflugi og ígrundun og vera frumkvæði nemenda. Hún á einnig að vera frumleg og hafa gildi. Hér verða verkefni talin skapandi þegar nemendur þurfa að búa eitthvað til sem kemur að einhverju eða öllu leyti frá þeim sjálfum. Annað skilyrði er að til að verkefni sé skapandi þá eiga verkefni nemenda ekki að geta verið öll nánast eins. Það þurfa að koma margar mismunandi lausnir á verkefnunum. Teknar verða fyrir tvær bókaáritar, *Málrækt* og *Orðspor*.

5.1 Málrækt

Bækurnar *Málrækt 1, 2 og 3* (2006, 2007 og 2008) komu fyrst út 1982-1987 en tilraunaútgáfur komu fyrst út 1979-1983. Höfundar bókanna eru Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. Nýjustu útgáfurnar eru þó frá 2006-2008. Þær eru námsefni í íslensku fyrir miðstig grunnskóla og reyna aðallega á málfræði og ritun en koma einnig inn á stafsetningu og bókmenntir.

Bækurnar eru að mestu leyti eyðufyllingar- og undirstrikunarverkefni með einstaka ritunarverkefnum og lestextum inn á milli. Eitthvað er af myndum í bókunum en þær eru allar nánast alveg svarthvítar. Hver bók hefur sinn lit, bók eitt er blá, bók tvö fjólublá og bók þrjú er græn. Þetta eru einu litirnir í bókunum og eru litirnir notaðir til að skyggja reiti eða töflur og þá eingöngu litur bókarinnar notaður. Bækurnar eru því frekar litlausar.

Kennsluleiðbeiningar með *Málrækt* komu út 1982, 1983 og 1988. Þær voru ekki endurútgefnar samhliða nýjum útgáfum á bókunum og eru því ekki lengur í samræmi við bækurnar. Þessar kennsluleiðbeiningar eru ekki mjög aðgengilegar ef þær eru ekki til í grunnskólunum en ég fann þær á bókasafni Menntavísindasviðs inn í geymslu þar sem bókasafnsvörður þurfti að grafa þær upp. Því má segja að kennarar hafi ekki gott aðgengi að kennsluleiðbeiningum fyrir þetta námsefni.

Höfundar settu sér stefnu áður en þeir sömdu bækurnar og í þessari stefnu var meðal annars talað um að hafa markmið námskrár í móðurmáli að leiðarljósi. Einnig að bækurnar ættu að þjálfa nemendur í töluðu og rituðu máli og fræða þá um málið almennt. Þá eiga bækurnar að hvetja nemendur til að nota málið og gera sér grein fyrir kostum þess og

göllum. Síðast en ekki síst á námsefnið að fá nemendur til að bera virðingu fyrir móðurmálinu (Guðmundur B. Kristmundsson o.fl., 1982).

Ljóst er að höfundar gerðu sitt besta til að uppfylla þær kröfur sem gerðar voru þegar þeir gáfu námsefnið fyrst út. Það var þó fyrir nokkrum áratugum síðan og er nýjasta útgáfan gefin út áður en nógildandi aðalnámskrá kom út og því er nokkuð eðlilegt að þessi stefna sé ekki alveg í takt við þær kröfur sem settar eru í dag.

5.1.1 Málrækt 1

Málrækt 1 er ætluð til kennslu í 5. bekk og stendur á fyrstu blaðsíðunni „Þetta er vinnubókin þín í íslensku.“ Þetta eru einu skilaboðin til nemenda í upphafi bókarinnar. Þegar efnisyfirlit bókarinnar er skoðað þá sést að mest er fjallað um nafnorð. Aðeins er snert á sagnorðum og lýsingarorðum en ekki mikið. Því sést strax að innihald bókarinnar gæti orðið einhæft. Bókin byrjar á sérnöfnum og eiga nemendur á fyrstu blaðsíðum að velta fyrir sér sérnöfnum í kringum sig.

Bókin inniheldur margar blaðsíður sem eru góðar til að kenna grunn í orðflokkunum, nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Þau verkefni eru öll annað hvort hefðbundin málfræðiverkefni eða í forskriftarstíl. Því er nokkuð ljóst að ef einungis þessi bók er kennd þá eru verkefnin frekar einhæf og þreytandi að vinna mörg eins verkefni til lengdar. Inn á milli eru skemmtileg verkefni sem nemendur gætu haft áhuga á eins og til dæmis krossgátur og orðarugl. Einnig má nefna að í lok bókarinnar er fjársjóðsleit þar sem nemendur þurfa að leysa málfræðiþrautir til að fá lausnarorð.

Þegar bókin er skoðuð með skapandi verkefni í huga er ekki mikið að finna. Það eru sex blaðsíður þar sem finna má verkefni sem innihalda einhverja sköpun. Eitt verkefnið snýst um að búa til vísu úr nöfnum og er þetta verkefni í tengslum við sérnafnakennslu. Þrjú verkefni eru ritunarverkefni með mismunandi málfræðiáherslur. Í einu verkefni eiga nemendur að skrifa ritun með staðarheitum og er þetta einnig tengt sérnafnakennslu. Í öðru eiga nemendur að skrifa ritun þar sem þeir nota sérnöfn og samnöfn sem þeir höfðu fundið í öðru verkefni. Í þriðju rituninni eiga nemendur að skrifa texta þar sem þeir velja einn þriggja poka af nafnorðum til að nota. Eitt verkefni er þar sem nemendur eiga að búa til samsett orð úr gefnum fyrri eða seinni hluta. Í síðasta skapandi verkefninu eiga nemendur að að búa til orð úr gefnu orði. Af þessu að dæma eru skapandi verkefni bókarinnar frekar einhæf og reyna lítið á málfræði-hlutann.

Fleiri verkefni eru í bókinni sem gætu ýtt undir skapandi hugsun þó svo að hér séu þau ekki talin til skapandi verkefna. Til dæmis er verkefni þar sem nemendur eiga að velja sér fimm nafnorð og fimm sagnorð og búa til setningar. Þetta verkefni er hægt að telja sem

skapandi en hér er það ekki gert vegna þess að talið er að nemendur þurfi ekki að beita mikilli skapandi hugsun og það er ólíklegt að margar ólíkar lausnir komi fram.

5.1.2 Málrækt 2

Málrækt 2 er næsta bók í röðinni og er ætluð 6. bekk. Fyrstu skilaboðin til nemenda í þessari bók eru þrjár línur um hvað tungumálið er mikilvægt í öllum samskiptum og að þú notir tungumálið þegar þú lest, talar, horfir, skrifar og fleira. Síðan byrjar bókin á blaðsíðum um lestur og eiga nemendur að segja frá því sem þeir eru að lesa. Í þessari bók er mest fjallað um sagnorð og lýsingarorð en þó eitthvað rifjað upp og bætt við nafnorðakunnáttu úr fyrri bók. Í upphafi bókarinnar eru nafnorðin úr bókinni á undan rifjuð upp.

Bókin er eins upp byggð og fyrri bókin, mikið um undirstrikanir og eyðufyllingar. Í bókinni er kafli þar sem sérstaklega er fjallað um rétt og rangt mál á fjórum blaðsíðum (39-42). Það er umdeilt hvort eigi að kenna rétt og rangt mál eins og komið er inn á hér á undan. Í þessum kafla er meðal annars verið að fara yfir viðtengingarhátt þátíðar án þess þó að það hugtak sé notað. Nemendur eiga að velja rétt orð inn í setningar. Þetta eru verkefni sem eiga ekki vel við, sérstaklega í dag þar sem þróun málsins er hægt og rólega að útrýma viðtengingarhætti. Ég efast um að nemendur í 6. bekk hafi tilfinningu fyrir þessu. Kennarar þurfa því að huga að því ef þeir ætla að kenna þessar blaðsíður. Þetta er því klárlega forskriftarmálfræði. Í bókinni er einnig verkefni sem snýst um að fletta upp í símaskránni sem því miður er ekki lengur til. Það er því erfitt að framkvæma það verkefni í dag nema þá að breyta því talsvert. Verkefnið snýst um að fletta á ákveðna blaðsíðu og finna númer og skrifa niður hver á það, þessi númer eru ekki lengur á skrá og því er þetta úrelt verkefni. Einnig eru nokkur fyrirsmáli sem eru frekar formlega orðuð og á þannig máli að nemendur á miðstigi eiga líklegast erfitt með að skilja þau. Því er margt í þessari bók sem bendir til þess að hún eigi ekki vel við í kennslu í dag.

Þegar litið er til skapandi verkefna í þessari bók er alls ekki mikið að sjá. Einungis fundust þrjú verkefni þar sem unnið er á skapandi máta með málfræði en tvö þeirra voru ritun. Þau snúast bæði um lýsingarorð, annað er ritun þar sem nemendur eiga einfaldlega að nota lýsingarorð til að gera hana myndrænni og meira lifandi. Í hinni eiga nemendur að lýsa eftir bekkjarfélagi eins og gert er þegar einhver týnist. Nemendur eiga að hafa hana eins nákvæma og þeir geta og nota lýsingarorð til þess. Þriðja verkefnið sem talið er skapandi er í kaflanum um rétt og rangt mál, nemendur eiga að semja ljóð þar sem allar ljóðlínur byrja á annað hvort ég vil eða ég vil ekki. Þetta er til að hamra á því að það sé eitt í ég vil. Þetta er því umdeilt verkefni eins og komið er inn á hér á undan með notkun á réttu og röngu máli.

5.1.3 Málrækt 3

Síðust í þessari bókaröð er *Málrækt 3* og er hún ætluð 7. bekk. Í þessari bók er ólíkt þeim sem á undan eru, frekar langur texti til nemenda í upphafi bókarinnar. Þar er farið yfir hversu mikilvægt tungumálið er og að það sé notað á hverjum degi. Einnig er minnst á mikilvægi þess að þjálfra móðurmálið sitt og að það sé gert með því að nota það. Endað er á að segja að vonandi veki bókin ást og umhyggju nemenda á tungumálinu.

Viðfangsefni þessarar bókar eru fleiri en í bókunum á undan en efnisyfirlitið gefur til kynna að eitthvað verði haldið áfram með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð en þá bætast einnig við fornöfn og töluorð. Einnig verður fjallað um greinarmerki, framburð, orðtök, skammstafanir og fleira í þeim dúr. Bókin er einnig lengri en fyrri bækur. Á fyrstu blaðsíðunni er texti um máltöku barna og hvernig börn þróa tungumálið með sér. Einungis er texti en engin verkefni. Ég sakna þess að unnið sé með þetta í anda lýsandi málfræði og hafðar umræður og skapandi verkefni. Kennarinn getur verið forsprakki þeirra umræðna og þannig lífgað upp á viðfangsefnið og gert meira úr því. Verkefni á næstu blaðsíðu snýst um setningagerð og er þar notuð setning úr textanum á fyrstu blaðsíðunni. Þetta verkefni tengist því lítillaga textanum en ekki beint þróun málsins eins og umfjöllunarefni hans er.

Þegar litið er til sköpunar er þessi bók ekki framar en þær sem á undan koma en í henni eru þrjú verkefni sem telja má til sköpunar. Tvö þeirra eru ritunarverkefni þar sem nemendur áttu annars vegar að nota persónufornöfn í rituninni og hins vegar þar sem nemendur velja annan tveggja hópa sagnorða og skrifa ritun. Í því þriðja á að skrifa setningar með orðum sem geta þýtt fleira en eitt. Því má segja að öll þau skapandi verkefni sem eru í þessari bók falli undir ritun af einhverju tagi.

Eins og í fyrri bókum eru ef til vill verkefni sem hér eru ekki talin til skapandi verkefna sem mætti telja skapandi. Til dæmis er verkefni þar sem gefin er myndasaga og nemendur eiga að semja sögu út frá atburðarásinni á myndunum. Hér er þetta ekki talið skapandi þar sem myndirnar gefa ekki mikla möguleika á mismunandi sögum.

Nokkur verkefni eru í þessari bók sem gefa til kynna að bókin sé úrelt. Til að mynda er á blaðsíðu 42 texti úr *Sölku Völku* eftir Halldór Laxness þar sem nemendur eiga að flokka nafnorðin í textanum í hlutstæð og óhlutstæð. Eitt af orðunum sem þau eiga að flokka er *lörfum (larfur)*, þetta orð er ekki mikið notað í dag og tel ég að nemendur á miðstigi þekki það ekki. Textann tengja þau líklegast ekki heldur við. Einnig er blaðsíða 71 um sagnorðin kvíða, hlakka, vanta, langa og fleiri sem standa með ákveðnu falli, umfjöllunin er í forskriftarstíl. Ekki er tekið til greina að málvenjan í samfélaginu hefur breyst og er málvenja margra ekki í samræmi við þessar reglur sem settar eru fram á þessari blaðsíðu. Ég tel að fjalla þurfi um að það hafi ekki allir sömu málvenju þegar kemur að þessum sögnum þó svo

að málstaðallinn sé þessi. Einnig er verkefni þar sem fallbeygja á eignarforanafnið vor, eyðufylling. Það er tekið fram að fornafnið sé aðallega notað í hátíðlegu máli og komið með dæmi en ekki sagt við hvern er átt þegar það er notað. Ef á að kenna þetta þá þarf kennarinn að gera verkefnið með nemendum þar sem þeir munu ekki geta það nema með aðstoð og eflaust margir kennarar sem geta ekki heldur gert það nema með aðstoð. Þá er einnig blaðsíða um tilvísunarfornöfn sem eru ekki lengur talin til fornafna heldur samtenginga og því úreltar upplýsingar.

5.1.4 Samantekt

Fram komu hér að ofan þau markmið sem höfundar *Málræktar* settu sér við gerð bókanna. Meðal annars var markmið að þjálfa nemendur í töluðu og rituðu máli sem er áhugavert þar sem ekki fór mikið fyrir töluðu máli. Einstaka sinnum voru nemendur hvattir til að lesa eitthvað fyrir bekkinn en það voru oftast aukaverkefni. Einnig var eitt markmið höfunda að nemendur myndu bera virðingu fyrir málinu sem er erfitt að meta hvort takist. Ég tel þó að bókin ýti ekki undir það að nemendur beri virðingu fyrir málinu þar sem líklegt er að þeim finnist bókin óáhugaverð. Ég tel að það vanti meiri umræðu um málið í anda lýsandi málfræði. Einnig er margt í öllum bókunum sem bendir til þess að þessar bækur eigi ekki vel við í dag. Bæði vegna breyttra málvenja í samfélaginu og úreltra texta og verkefna.

Á þessari athugun sést að ekki er mikið um skapandi vinnu með málfræði og þessi fáu skapandi verkefni eru keimlík. Þeim má skipta upp í þrjár tegundir verkefna, ritun, vísur eða ljóð og að búa til orð. Átta af tólf skapandi verkefnum eru ritanir og er það því 67% skapandi verkefnanna. Það vakti athygli að ekkert verkefni snýst um að teikna eða myndskreyta. Niðurstöður á hlutfalli skapandi verkefna er sett upp í töflu hér að neðan.

Tafla 1. Hlutfall málfræði í *Málrækt* og hlutfall sköpunar í málfræðiverkefnum bókanna

	<i>MÁLFRÆKT 1</i>	<i>MÁLFRÆKT 2</i>	<i>MÁLFRÆKT 3</i>
MÁLFRÆÐI	59/73 = 81%	61/76 = 80%	88/93 = 95%
SKÖPUN	6/59 = 10%	3/61 = 5%	3/88 = 3%

Í töflu 1 sést að meira en 80% bókanna er málfræði og meira að segja er 95% af *Málrækt 3* málfræði. Þetta eru því nær eingöngu málfræðibækur sem gefur til kynna að lítið sé lagt upp úr að kenna íslensku sem heildstæða námsgrein. Af málfræðinni er hins vegar 10% eða minna skapandi verkefni og einungis 3% í *Málrækt 3*. Þessi fáu skapandi verkefni eru mjög einhæf og langmest ritun. Mörg af þessum skapandi verkefnum koma lítið inn á málfræðina

þó svo að hún komi eitthvað við sögu til að mynda þar sem nemendur eiga að nota fyrir fram gefin nafnorð og skrifa ritun með þeim. Það vantar að það séu fjölbreyttari skapandi verkefni sem reyna meira á málfræði. Sköpun býður upp á svo ótalmargt, leiklist, myndlist og söng svo eitthvað sé nefnt. Þetta er vel hægt að nota í málfræðiverkefnum ef notað er ímyndunaraflið. Það getur verið mjög einfalt að nota til dæmis myndlist til að túlka ýmis málfræðiatríði.

5.2 Orðspor

Bækurnar *Orðspor 1, 2 og 3* komu út á árunum 2015-2017. Bækurnar eru eftir Ásu Marin Hafsteinsdóttur og Kristjönu Friðbjörnsdóttur en teikningarnar eru eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Bækurnar eru ætlaðar til íslenskukennslu á miðstigi grunnskóla.

Bækurnar komu út eftir að núgildandi Aðalnámskrá grunnskóla kom út. Þær ættu því að vera í takt við aðalnámskrána og grunnþætti menntunar. Þessar bækur eru ekki einungis málfræðibækur heldur koma þær inn á alla þætti íslenskukennslu. Sumir kaflar eru aðallega um einn þátt íslenskunnar en flestir eru þó samþætting milli undirgreina íslenskunnar.

Í lesbókunum eru fjölbreyttir textar sem þjálfá mismunandi þætti íslenskunnar og eru um fjölbreytt viðfangsefni svo allir nemendur ættu að tengja við eitthvað. Bækurnar eru litríkar og ríkulega myndskreyttar sem gerir námið skemmtilegra fyrir nemendur. Í upphafi allra lesbókanna koma skýringar á táknum sem eru notuð og kynningar á Málfróði og Grínhildi. Málfróður er persóna í bókunum sem hefur það hlutverk að kynna málfræði og annan orðafróðleik fyrir nemendum, honum fylgir einnig hundurinn Tungulipur. Grínhildur er persóna í bókunum sem bendir á það skondna og áhugaverða í bókinni. Hún á það til að gera grín að Málfróði enda finnst henni hann oft ansi formlegur miðað við aðstæður. Einnig er í upphafi bókanna kynning á fjólubláu orðunum en í gegnum allar lesbækurnar eru orð sem nemendur gætu átt erfitt með að skilja og eru þau lituð fjólublá. Þessi orð er upplagt að ræða og glósa til að auka orðaforða nemenda. Fremst í öllum lesbókunum eru lestrarráð til nemenda þar sem farið er yfir hvað er gott að gera áður en maður byrjar að lesa, á meðan maður les og eftir að maður er búinn að lesa texta.

Málfræðin í bókunum leynist hér og þar og er oft partur af lesskilningi og fleiru. Málfróður sér um að kenna málfræðiatríði en eftir hans umfjallanir koma oft málfræðiverkefni til dæmis í tengslum við lesskilningstexta. Þegar maður finnur mynd af Málfróði þá er ljóst að hann ætlar að fræða mann um málfræði. Málfróður kennir í hvert sinn eitthvert atríði málfræðinnar. Stundum er fróðleikurinn settur upp í einföldum texta en stundum í formi teiknimyndasögu eða samtals. Þetta gerir umfjöllunina um málfræði líflegri

og skemmtilegri. Dæmi um málfræðimyndasögur eru til dæmis í fyrstu lesbókinni á blaðsíðum 61 og 76.

Fjólubláu orðin eru eins og áður segir orð sem nemendur gætu átt erfitt með að skilja. Sum staðar í bókunum er unnið með orðin, nemendur eiga ýmist að búa til hugarkort eða svara krossaspurningum með merkingu orðanna. Dæmi um þetta er á blaðsíðum 44-45 í *Orðspor 2* vinnubókinni. Þar eru tekin fyrir orðin að fyrnast, kenningar og að greypa. Þetta er góð leið til að fá nemendur til að velta fyrir sér orðum og verða meðvitaðri um tungumálið.

Kennsluleiðbeiningar fyrir *Orðspors*-bækurnar eru aðgengilegar inni á vef Menntamálastofnunar, mms.is. Kennsluleiðbeiningunum er skipt upp eftir köflum bókarinnar en einnig er kafli sem heitir „Til kennarans“. Í hverjum kafla fyrir sig er að finna umfjöllun um kaflann sjálfan ásamt ítarefni, kveikjum og hugmyndum að útvíkkun á verkefnum (Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, e.d.-a, e.d.-b, e.d.-c).

Í kennarakaflanum er stutt umfjöllun um bókina ásamt lausnum á verkefnum og kafla um hæfniviðmið. Lausnirnar koma í pdf-skjali og því getur kennari prentað þær út ef hann vill. Í kaflanum um hæfniviðmið er að finna lista af hæfniviðmiðum í íslensku og hvaða verkefni í bókunum eiga við viðmiðin. Hæfniviðmiðin eru þó ekki nákvæmlega þau sömu og í Aðalnámskrá grunnskóla en mjög svipuð. Í langflestum hæfniviðmiðum fyrir málfræði er bent á vinnubækurnar en þó eru einhver þjálfuð í lesbókunum. Í kennaraefninu er einnig bent á að nota fjólubláu orðin til að auka orðaforða nemenda, til dæmis sniðugt að safna þeim saman í orðabók, hver nemandi fyrir sig eða í sameiginlega bekkjarorðabók.

Undir hverjum kafla er að finna hugmyndir að því hvernig hægt er að víkka viðfangsefnið og stækka verkefnin. Einnig eru oft hugmyndir að því hvernig hægt væri að samþætta námsgreinar. Til dæmis er það gert í tengslum við kaflann um Skúla skelfi í *Orðspor 1* og sagt að tilvalið sé að samþætta þann kafla með ensku þar sem til er heimasíða um Skúla skelfi á ensku.

5.2.1 Orðspor 1

Orðspor 1 er ætluð 5. bekk og samanstendur af lesbók og vinnubók. Efnisyfirlitið í lesbókinni gefur til kynna að farið verði um víðan völl í bókinni. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvaða málfræðiatríði verða tekin fyrir en efnisyfirlitið í vinnubókinni gefur aðeins meiri hugmynd. Þar sér maður að farið verður í samheiti, andheiti, samsett orð, stafrófið, skammstafanir og hv- orð. Einnig er kafli um nafnorð og sagnorð. Þá eru einnig inn á milli málfarsmolar og orðarýni.

Lesbókin byrjar á umfjöllun um tungumálið og tungumál almennt. Þessar blaðsíður bjóða upp á umræður um tungumálið og fjölbreytileika þess og eru nokkrir umræðupunktur settir

fram. Þetta gæti því flokkast undir lýsandi málfræði en það er í höndum kennarans að ná fram þessum umræðum og gera þær skapandi. Vinnubókin byrjar einnig á sama efni en þar eru verkefni frekar hefðbundin og sum í forskriftarstíl á meðan verkefni í lesbókinni eru frekar í anda lýsandi málfræði. Verkefni í vinnubókinni snúast til dæmis um að raða í stafrófsröð þar sem einungis er eitt rétt svar en einnig að raða orðum í setningu og eru þar fleiri en einn möguleiki sem teljast réttir.

Flest verkefni í vinnubókinni virðast vera eyðufyllingar- og undirstrikunarverkefni þó sum séu skemmtilega upp sett og myndskreytt. Málfræðiverkefni eru flest í anda forskriftarmálfræði. Þau eru mis skapandi og mis skemmtileg. Verkefni eru þó fjölbreytt og í bland einstaklings-, para- og hópverkefni. Vinnubókin inniheldur ekki einungis verkefni sem vinna á í bókina heldur einnig einhver verkefni sem vinna á í stílabók eða tölvu og eru það helst ritunarverkefni eða verkefni þar sem rannsaka á eitthvað ákveðið. Lesbókin er frekar í anda lýsandi málfræði þar sem það er til dæmis kafli um tungumálið og hvað tungumál sé þar sem ólíkar hliðar tungumálsins eru ræddar. Einnig er kafli um fjölmiðla sem býður upp á umræður um mismunandi málsnið og fyrirsagnir sem grípa athygli. Kennarar þurfa að eiga frumkvæði af umræðum í báðum köflunum þar sem ekki er mikið um umræðupunkta sem styðja við lýsandi málfræði.

Þegar skoðað er hversu skapandi vinnan með málfræðina er kom í ljós að lesbókin er meira skapandi en vinnubókin en báðar eru þó með talsvert af skapandi verkefnum. Í lesbókinni er að finna sjö verkefni sem geta talist skapandi, í því fyrsta eiga nemendur að búa til bullræðu með orðum sem þeir höfðu skrifað niður eftir fyrirmælum. Í næsta eiga nemendur að skrifa bréf með ákveðin málfræðiatrúði í huga, eftir það eiga þeir að skoða myndasögur og finna svokölluð skrípóhlióð fyrir ákveðna atburði. Einnig er verkefni þar sem nemendur eiga að teikna eða taka mynd sem táknar ákveðinn málshátt. Annað verkefni snýst um að búa til leiðbeiningar fyrir einhvern hversdagslegan hlut fyrir bekkjarfélagi að fylgja. Í einu verkefni eiga nemendur að semja vísu eða ljóð með nánast eingöngu ng/nk orðum. Síðast en ekki síst eiga nemendur að velja hvort þeir vilji skrifa setningar með orðatiltækjum í réttu samhengi eða teikna mynd sem útskýrir orðatiltækið. Í bókinni eru því fjölbreytt og skapandi verkefni sem sýna skapandi hliðar tungumálsins.

Í vinnubókinni eru ekki alveg jafn mörg skapandi verkefni en þó fundust fimm. Sum þeirra tengjast verkefnum í lesbókinni. Fyrst fá nemendur orð og þeir eiga að búa til eins mörg nafnorð og þeir geta úr stöfunum í orðinu. Nemendur eru hvattir til að búa til leik eða keppni úr þessu verkefni og þá setja ákveðin tímamörk og sjá hver nær að finna flest orð á þeim tíma. Annað er svipað og í lesbókinni en nemendur eiga að búa til fyrirmæli. Einnig er verkefni þar sem nemendur eiga að skrifa örsögu með ákveðnum ng/nk orðum. Í næsta

verkefni eiga nemendur að ímynda sér hvað latasta hund í heimi er að dreyma og skrifa það niður og nota nokkur ákveðin sagnorð. Síðasta verkefnið er svipað og í Lesbókinni en nemendur eiga að semja málshætti og túlka málshátt í myndum. Þó verkefnin séu ekki mörg þá eru þau fjölbreytt og reyna á ýmsa þætti bæði tungumálsins og sköpunar.

5.2.2 Orðspor 2

Orðspor 2 er ætluð fyrir 6. bekk og samanstendur af Lesbók og vinnubók. Efnisyfirlitið í Lesbókinni segir ekki mikið til um hvaða málfræðiatríði verða tekin fyrir en efnisyfirlitið í vinnubókinni segir aðeins meira. Þar sést að meðal annars verður fjallað um málsgreinar, samheiti, andheiti og fallbeygingu nafnorða. Eftir það er upprifjun á öllu sem nemendur eiga að hafa lært um nafnorð. Síðan er fjallað um lýsingarorð og sagnorð en inn á milli eru einnig málfarsmolar og orðarýni. Eftir að hafa flett í gegnum bækurnar kemur í ljós að margt fleira er tekið fyrir án þess að vera nefnt í efnisyfirlitinu.

Lesbókin byrjar á kafla sem heitir Hugarleikfimi, þar er talað um að mikilvægt sé að þjálf hugann og eru stutt verkefni til að þjálf huga, athygli og minni í þeim kafla. Síðar í bókinni er kafli sem heitir Orrustan um íslenskuna og er þar fjallað um framtíð tungumálsins og áhrif enskunnar á það. Þessi kafli býður upp á umræður um framtíð íslenskunnar, talað er um nokkur atriði sem hafa þarf í huga til að viðhalda tungumáli. Þar væri hægt að ræða að tungumál breytast og þróast með nýjum kynslóðum. Einnig þarf að hvetja nemendur til að vera óhrædda að nota íslenskuna þó hún sé ekki hundrað prósent eftir þeim reglum sem settar eru í málstaðlinum.

Í kaflanum Fótspor - orðspor - netspor er umfjöllun um netslangur eða orðaforða sem fólk, oftast unglingar, nota í netsamskiptum. Þarna er verið að ræða aðra „tegund“ af íslensku og því má segja að þetta sé í anda lýsandi málfræði. Gaman er að Málfróður og Grínhildur eru ekki alveg sammála þegar kemur að netslangrinu. Málfróður virðist vera íhaldssamur og skilur ekki þessa tegund tungumálsins á meðan Grínhildi finnst þetta frábærar styttingar. Í bókinni má því sjá fleiri en eitt sjónarhorn á málið. Í lok kaflans er eftirfarandi spurningum velt upp: „eru stafsetningarreglur nauðsynlegar?“ og „haldið þið að styttingar íslenskra orða hafi góð eða slæm áhrif á ritmálið okkar?“. Þetta eru góðar spurningar til að velta tungumálinu fyrir sér og fá nemendur til að hugsa aðeins um það. Einnig kemur fram að stafsetningarreglur geti breyst, eins og til dæmis að einu sinni var stafurinn z notaður í íslensku en ekki lengur. Í kjölfar þessara blaðsíðna væri hægt að ræða hvort það séu einhverjar reglur sem nemendur halda að eigi eftir að hverfa. Þessi kafli er því tilvalinn til að gera nemendur meðvitaða um málnotkun sína og hvernig tungumál þróast og má því vel flokka sem lýsandi málfræði.

Þegar litið er á sköpun í bókunum er ekki mikið að finna í lesbókinni eða einungis þrjú verkefni. Eitt verkefni sem telja má til sköpunar er þegar nemendur eiga að skrifa málsgreinar á miða í styttingum, eins og notaðar eru í smáskilaboðum, svo skiptast nemendur á að draga miða og reyna að skilja hvað stendur. Annað verkefni er að semja málsgreinar í slettum og slangri og enn annað er að búa til nýyrði yfir hluti í skólastofunni. Í vinnubókinni er ekki mjög mikið um skapandi vinnu með málfræði en þó fundust fjögur verkefni. Til dæmis eiga nemendur að skrifa samtali milli unglings og afa þar sem unglingurinn notar slettur og slangur og afinn skilur ekkert. Í öðru verkefni eiga nemendur að búa til ný orð yfir hluti með því að setja saman tvö orð. Einnig er verkefni þar sem nemendur eiga að semja samtali milli nemanda í dag og nemanda sem verður uppi eftir 100 ár. Síðasta verkefnið sem telja má skapandi er paraverkefni þar sem nemendur lesa um gamlan leik og eiga að nútímavæða leikinn, hvernig væri hægt að útfæra leikinn í dag. Þeir eiga að semja nýjar reglur og teikna upp leikvöllinn.

Áður en nemendur vinna verkefnið þar sem þeir eiga að semja samtali milli nemanda í dag og nemanda eftir 100 ár er tilvalið fyrir kennara að ræða um þróun stafsetningar og tungumálsins almennt. Hafa ef til vill einhverjir stafir horfið úr tungumálinu eins og z gerði eða er hætt að gera mun á stafsetningu á orðum sem hljóma eins? Hafa orð breytt um merkingu eða er beyging orða öðruvísi? Þetta verkefni myndi því flokkast undir lýsandi málfræði þar sem nemendur velta fyrir sér tungumálinu og þeim breytingum sem geta átt sér stað.

5.2.3 Orðspor 3

Orðspor 3 er ætluð til kennslu í 7. bekk og samanstendur af lesbók og vinnubók. Af efnisyfirlitinu í lesbókinni að dæma má sjá að farið verður í málsnið en aðra málfræðiþætti er ekki að sjá. Efnisyfirlitið í vinnubókinni bendir hins vegar til þess að farið verði í orðflokka, fornöfn og málsnið. Einnig eru málfræðismolar og orðarýni inn á milli. Því virðist málfræðin vera minni en í fyrri bókum.

Lesbókin byrjar á kafla um upplestur og sérstaklega stóru upplestrarkeppnina. Í framhaldi af þessum kafla kemur málfræðismoli sem er um talmál og ritmál. Nemendur eiga að vinna saman og finna þau hikorð sem þeir nota í sínu talmáli. Seinna í bókinni eða í 6. kafla er nánar farið í talmál og ritmál. Þar er til dæmis verkefni þar sem nemendur eiga að ímynda sér hvað apinn Mimmi myndi segja ef hann gæti talað í 5 mínútur. Það má segja að með þessu verkefni eigi nemendur að átta sig á hvaða mátt tungumálið hefur. Í þessum kafla eru mörg tækifæri til að ræða um tungumálið og hversu mismunandi það getur verið. Hægt er að ræða sköpunarmátt tungumálsins og hvað textar geta haft mikil áhrif á mann ef maður notar tungumálið á skapandi máta. Einnig er hægt að ræða við nemendur um hvort þeim finnist

allir textar skapandi, hvort það sé einungis hægt að nota tungumálið til að skapa eitthvað fallett og hvernig þeir vilji nýta sköpunarmátt tungumálsins og þannig kenna málfræði frekar í anda lýsandi málfræði.

Þegar lesbókin er skoðuð með skapandi verkefni í huga þá eru nokkur sem telja má skapandi eða fimm verkefni. Í einu á að lesa lagatexta og búa til spakmæli út frá textanum. Í öðru á að semja orðavísi með y, ý, ey orðum. Síðan er verkefnið sem sagt er frá hér að ofan þar sem nemendur skrifa fyrir aþann Mimma. Síðan á að skrifa bréf til Málfróðs og búa til orð úr gefnu orði. Þau verkefni sem telja má sem skapandi í vinnubókinni eru þrjú og eru frekar einhæf þar sem þau snúast öll um að skrifa einhvern texta. Í einu á að skrifa setningar þar sem notuð eru eignarfornöfn, í öðru á að skrifa hvað nokkur dýr myndu segja ef þau gætu talað. Í síðasta verkefninu sem telja má til skapandi verkefna eiga nemendur að skrifa niður frásögn af sama atvikinu í þremur mismunandi málsniðum. Það má því segja að sköpunin í þessari bók sé ekki jafn fjölbreytt og í fyrri bókum þessarar bókaðar en þó nokkuð fjölbreytt.

5.2.4 Samantekt

Ákveðinn kostur er að bæði sé lesbók og vinnubók þar sem ólíkar áherslur eru í bókunum. Lesbækurnar bjóða upp á meiri umræður og vangaveltur sem eru þá í anda lýsandi málfræði á meðan vinnubækurnar þjálfa ákveðna hæfni. Bækurnar eru allar með einhverja sköpun en þó ekki mjög mikla. Fleiri verkefni eru sem hægt væri að telja sem skapandi en er ekki gert hér. Það eru verkefni sem ýta undir skapandi hugsun og ígrundun en nemendur eru ekki að búa neitt til og því ekki flokkað sem skapandi verkefni hér. Niðurstöður um hlutfall sköpunar eru birtar í töflu hér að neðan.

Tafla 2. Hlutfall málfræði í *Orðspori* og hlutfall sköpunar í málfræðiverkefnum bókanna

	ORÐSPOR 1 - LESBÓK	ORÐSPOR 1 - VINNUBÓK	ORÐSPOR 2 - LESBÓK	ORÐSPOR 2 - VINNUBÓK	ORÐSPOR 3 - LESBÓK	ORÐSPOR 3 - VINNUBÓK
MÁLFRÆÐI	32/103 = 31%	45/99 = 46%	26/116 = 22%	53/108 = 49%	34/114 = 30%	30/91 = 33%
SKÖPUN	7/32 = 22%	5/45 = 11%	3/26 = 12%	4/53 = 8%	5/34 = 15%	3/30 = 10%

Í töflu 2 sést að minna en helmingur *Orðspors*-bókanna er málfræði enda verið að fjalla um alla undirþætti íslenskunnar. Eins og sést er misstór hluti málfræðinnar skapandi verkefni, lægsta er 8% og hæsta er 22%. Skapandi verkefnin eru af ýmsum toga og reyna á nokkuð

fjölbreytta þætti sköpunar. Alltaf er meiri sköpun í lesbók enda eru þær meira í anda lýsandi málfræði á meðan vinnubækurnar eru frekar með hefðbundin málfræðiverkefni.

5.3 Samanburður

Málrækt eru vinnubækur þar sem nær eingöngu er unnið með málfræði. Í *Málrækt* eru nánast einungis eyðufyllingar eða samskonar verkefni sem unnin eru beint í bækurnar. *Orðspors*-bækurnar samanstanda hins vegar af bæði lesbókum og vinnubókum þar sem unnið er með málfræði en einnig fleiri þætti íslenskunnar. Þannig eru undirþættir íslenskunnar kenndir í meiri samfellu. Í *Orðspors*-bókunum er meira um fjölbreytt verkefni og ekki öll sem á að vinna í vinnubókina. Textarnir í bókunum höfða meira til nemenda í dag á meðan textarnir í *Málræktar*-bókunum eru margir hverjir gamaldags eða úreltir.

Orðspors vinnubækurnar eru með verkefni sem sett eru upp á svipaðan hátt og verkefnin í *Málrækt* en munurinn er einna helst sá að textinn eða setningarnar sem verið er að vinna með í *Orðspor* höfða betur til nemenda. Einnig er *Orðspor* líflegri vegna myndskreytinga og lita. Inn á milli eru líka verkefni sem brjóta upp og eru af öðrum toga. Þó svo að málfræðiverkefnum í *Orðspors* vinnubókunum svipi mjög til þeirra í *Málrækt* þá eru þessi verkefni aðeins lítið brot af verkefnunum í bókinni. Það má segja að fjölbreytnin í verkefnum geti spornað gegn leiða nemenda á námsefninu.

Í báðum bókaröðunum er fjallað um málshætti. Í *Málrækt* eiga nemendur að para saman málshátt og merkingu eða finna merkingu málshátta eða orðtaka. Í *Orðspori* hins vegar eiga nemendur einnig að myndskreyta málshætti eða orðtök og semja eigin málshátt. Því er unnið á meira skapandi hátt í *Orðspori* þar sem nemendur geta einnig túlkað myndrænt. Því má segja að nemendur fái meira út úr verkefnunum í *Orðspori* þar sem þau tileinka sér víðari skilning á efninu.

Ekki er hægt að segja að *Málræktar*-bækurnar séu með mörg skapandi verkefni tengd málfræðikennslu. Áberandi er að nánast öll skapandi verkefnin eru ritanir þar sem verið er að skrifa texta og einblína á einhvern einn orðflokk eða málfræðiatríði. Í *Orðspors*-bókunum er meira um skapandi verkefni og eru þau af ýmsum toga. Þar eru vissulega ritanir en þær eru fjölbreyttari eins og að skrifa hvað dýr eru að hugsa eða að skrifa samtöl milli ólíkra aðila. Þá eru einnig verkefni þar sem nemendur búa til nýyrði og eru þá að nota sköpunarkraft tungumálsins í orðsins fyllstu merkingu.

Talsverður munur er á kennsluleiðbeiningum fyrir bókaáðirnar. Eins og áður hefur komið fram hafa kennsluleiðbeiningarnar með *Málræktar*-bókunum ekki verið uppfærðar með nýjum útgáfum á bókunum og því eru þær úreltar. Einnig voru kennsluleiðbeiningarnar aðallega lausnir á verkefnum og einstaka umræðupunktur en bættu annars litlu við efnið.

Kennsluleiðbeiningarnar með *Orðspors*-bókunum eru töluvert tæknilegri og auðveldara aðgengi er að þeim. Þær eru einnig auðveldari í notkun og bæta meiru við efni bókarinnar.

Eftir athugun á námsefninu með hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla (2013) fyrir 7. bekk í huga þá vakti eitt og annað athygli. Í einu hæfniviðmiðinu stendur að nemendur eiga að geta „gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins“. Ekki er víst að allir skilji þetta viðmið eins enda er það heldur opið. Einnig er frekar erfitt að meta það en ég tel að um þetta sé fjallað í öllum *Orðspors*-bókunum, til dæmis í kaflanum um tungumál í *Orðspor 1* sem nefndur er hér á undan, einnig í kaflanum um styttingar sem aðallega eru notaðar í netsamskiptum sem er í *Orðspor 2*. Í *Orðspor 3* er svo kafli sem heitir af máli má manninn þekkja en þar er meðal annars fjallað um mismunandi málsnið. Hins vegar sjást engin skýr viðfangsefni í *Málrækt* sem falla undir þetta hæfniviðmið. Síðan er annað hæfniviðmiðið sem nefnir það að nýta málfræðihugtök í umræðum um málið. Í *Orðspori* er ýtt undir það að tala um málið og velta fyrir sér hinum ýmsu þáttum þess með aðstoð hugtaka og því tel ég að hægt sé að uppfylla þetta hæfniviðmið með þeim bókum. Hins vegar er það ekki gert í *Málrækt* og því ekki víst að hægt sé að gera það sama með þeim.

Blaðsíðufjöldinn með málfræðiverkefnum er ekki svo ólíkur milli bókaráða. Það eru fleiri blaðsíður af málfræði í *Orðspor 1* og *2* heldur en í *Málrækt 1* og *2* en hins vegar fleiri í *Málrækt 3* heldur en í *Orðspori 3*. Ef allar málfræðiblaðsíðurnar eru lagðar saman þá kemur í ljós að *Orðspor* hefur samanlagt fleiri blaðsíður af málfræði heldur en *Málrækt* en þó er ekki endilega að marka það þar sem málfræðin er mismikil á hverri blaðsíðu, sérstaklega í *Orðspors*-bókunum. Í *Málrækt* eru samanlagt 208 blaðsíður af málfræði en í *Orðspori* eru 220 blaðsíður. Þetta má sjá í töflunni hér fyrir neðan, tölurnar tákna blaðsíður.

Tafla 3. Hlutfall málfræði og sköpunar í *Málrækt* og *Orðspori* (samanlagt lesbók og vinnubók)

	MÁLFRÆÐI	SKÖPUN
MÁL RÆKT 1	59/73 = 81%	6/59 = 10%
MÁL RÆKT 2	61/76 = 80%	3/61 = 5%
MÁL RÆKT 3	88/93 = 95%	3/88 = 3%
ORÐSPOR 1	77/202 = 38%	12/77 = 16%
ORÐSPOR 2	79/224 = 35%	7/79 = 9%
ORÐSPOR 3	64/205 = 31%	8/64 = 13%

Það vakti athygli mína að í *Málrækt* fer skapandi verkefnum fækkandi með hækkandi aldri nemenda sem bendir til þess að sköpun sé talin eiga betur við yngri nemendur. Skapandi verkefni eru áberandi flest í fyrstu bókinni. Í *Orðspori* hins vegar byrjar fyrsta bókin með mesta sköpun og fer svo stórt stökk niður í bók tvö en fer síðan aftur upp á við í bók þrjú eins og sést í töflu 3. Ég velti fyrir mér hvers vegna sköpunin er svona mikið minni í bók númer tvö en bók númer eitt í báðum bókaröðum.

6 Niðurstaða og umræður

Í upphafi setti ég fram spurningar sem ég reyndi að svara í ritgerðinni, hvernig birtist sköpun í málfræðinámsefni á miðstigi og hafa orðið framfarir með nýrra námsefni? Stutta svarið er að ritun er helsta birtingarmynd sköpunar, sérstaklega í eldra námsefninu. Aðrar birtingamyndir eru til dæmis nýyrðasmíð og myndrænar túlkanir og er það helst að finna í nýrra námsefninu. Það hafa orðið framfarir með nýrra námsefni hvað sköpun varðar en þó ekki afgerandi miklar.

Hér í byrjun var fjallað um Aðalnámskrá grunnskóla og hvað hún segir um málfræðikennslu. Þar kom fram að markmiðið með málfræðikennslu á að vera að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar og að efla eigi sjálfstraust þeirra í málnotkun. Þá á einnig að vekja athygli á fjölbreytileika tungumálsins. Ef þessi markmið eru tekin og námsefnið borið saman við það þá kemur í ljós að *Orðspors*-bækurnar uppfylla öll þessi skilyrði á meðan *Málræktar*-bækurnar uppfylla ekki allt. Það er þá helst að nefna fjölbreytileika tungumálsins þar sem mikil áhersla er á rétt og rangt mál og því ekki í boði að fleira en eitt tilbrigði sé leyft. Því veltir maður fyrir sér hvernig hægt sé að skoða fjölbreytileika tungumálsins meðan hamrað er á reglum um rétt og rangt mál.

Svo virðist vera að íslenska hafi ekki og sé sums staðar ekki enn kennd sem heildstæð kennslugrein, þó svo að mælst sé til þess. Málfræðin er því oftast ekki kennd sér og ekki tengd við notkun á öðrum sviðum íslenskunnar. Fyrr í þessari ritgerð voru valin hæfniviðmið sem falla undir málfræði en skarast á við aðrar undirgreinar íslenskunnar. Það bendir til þess að kenna þurfi að minnsta kosti einhverjar undirgreinar íslenskunnar saman.

Niðurstaða mín er að *Orðspors*-bækurnar uppfylla það að íslensku eigi að kenna sem heildstæða grein á meðan *Málræktar*-bækurnar ýta frekar undir það að málfræði sé kennd ein og sér. Einhverja sköpun er að finna í hverri bók en þó mismikla, minnst var 3% málfræðiverkefna skapandi og mest 22% málfræðiverkefna. Mjög greinilegt er að *Orðspors*-bækurnar eru meira skapandi en *Málræktar*-bækurnar. Einnig eru þau skapandi verkefni í *Málrækt* einhæfari en þau í *Orðspori*. *Orðspor* virðist standast allar þær kröfur aðalnámskrár sem snúa að málfræði og einnig hvað varðar sköpun sem grunnþátt menntunar. *Málrækt* hins vegar stenst ekki alveg öll hæfniviðmiðin og erfitt er að segja að bækurnar uppfylli sköpunina. Algengasta birting sköpunar er þegar nemendur eiga að skrifa einhverskonar texta, ýmist ritun með einhvern málfræðiþátt í huga eða einhverskonar annan texta.

Hvað sköpunina varðar þá má hver dæma fyrir sig hvort þeir telji þetta næga sköpun í málfræðikennslu. Ég er á þeirri skoðun að *Málrækt* innihaldi ekki næga sköpun eða verkefni í anda lýsandi málfræði til að uppfylla kröfur aðalnámskrár og grunnþátta menntunar. *Orðspors*-bækurnar eru að mörgu leyti í anda lýsandi málfræði og hvetja til ígrundunar og

uppfylla því skilyrði aðalnámskrár. Eitthvað er um skapandi verkefni og ef kennarar sinna þessum skapandi verkefnum og gera frekar meira en minna úr þeim þá geta þau verið nóg. Annars tel ég að það sé betra að vera með meira en minna af skapandi verkefnum þar sem nemendur geta látið ljós sitt skína og fá vonandi í leiðinni áhuga á tungumálinu.

Margt bendir til þess að *Málræktar*-bækurnar standist ekki tímans tönn og innihaldi úrelt efni. Textarnir höfðu margir hverjir ekki til barna í dag og eru sum fyrirmæli á fornu máli. Því sé ég ekki ástæðu til þess að hver og einn nemandi eigi eintak af *Málrækt*. Samkvæmt rannsóknum sem fjallað var um hér á undan kom fram að flestir kennarar eru sammála um að ekki sé gott að vinna eyðufyllingarbækur frá upphafi til enda. Hvort nota eigi einhverja hluta þeirra eða sleppa þeim alveg verður hver að ákveða hvað hentar þeim.

7 Lokaorð

Ég spurði í upphafi hvort málfræðikennsla væri skapandi og er erfitt að alhæfa um það. Þeir sem kenna *Málrækt* frá upphafi til enda eru ekki að vinna á mjög skapandi máta með málfræðina á meðan þeir sem kenna *Orðspor* eru komnir lengra í þeim efnum. Alltaf er hægt að fara skrefinu lengra og fara út fyrir námsbækurnar til að vinna með sköpunarmátt tungumálsins og er það undir kennaranum komið. Ekki er hægt að segja hvað eða hvernig hentar að kenna í hverjum árgangi fyrir sig þar sem það getur verið mjög misjafnt. Það fer eftir kennurum, skólum, árgöngum og tímum. Eitt er víst og það er að fylgja þarf aðalnámskránni og vinna út frá þeim hæfniviðmiðum sem þar eru. Einnig á að flétta grunnþætti menntunar inn í allt skólastarf og þar á meðal er sköpun.

Tímafrekt er að greina námsefni og maður getur farið endalaust fram og til baka með þælingar um efnið. Einnig er flókið að greina sköpun í verkefnum þar sem ekki eru allir sammála um hvað telja megi til skapandi verkefna. Þessi greining er byggð á minni skilgreiningu á skapandi málfræðiverkefnum og því ekki víst að sama niðurstaða komi ef annar gerir sömu athugun og hér var gerð.

Í framhaldinu væri gaman að skoða hvernig bækurnar eru kenndar og hvort þær séu notaðar í heild eða einungis valin verkefni unnin og þá hvaða verkefni. Skoða mætti hvort kennarar séu að gera meira úr skapandi verkefnum eða hvort þeir sleppi þeim og vinni einungis hefðbundnu gamaldags verkefni.

Sköpun er mikilvæg í lífinu öllu og því mikilvægt að þjálfa skapandi hugsun og sköpun í verki strax í grunnskóla. Tungumál eru skapandi en einnig miðill sköpunar. Ljóst er að tungumálið er eitt það mikilvægasta í lífinu og því mikilvægt að rækta það og leyfa því að þróast með hröðum breytingum samfélagsins. Ég vonast til að með meiri sköpun í málfræðikennslu breytist viðhorf nemenda og þeir verði jákvæðir fyrir tungumálinu og öllum eiginleikum þess.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (2015a). *Orðspor 1 – íslenska fyrir miðstig grunnskóla*. Menntamálastofnun.
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (2015b). *Orðspor 2 – íslenska fyrir miðstig grunnskóla*. Menntamálastofnun.
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (2016a). *Orðspor 1 – íslenska fyrir miðstig grunnskóla, vinnubók*. Menntamálastofnun.
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (2016b). *Orðspor 2 – íslenska fyrir miðstig grunnskóla, vinnubók*. Menntamálastofnun.
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (2017a). *Orðspor 3 – íslenska fyrir miðstig grunnskóla*. Menntamálastofnun.
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (2017b). *Orðspor 3 – íslenska fyrir miðstig grunnskóla, vinnubók*. Menntamálastofnun.
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (e.d.-a). *Orðspor 1 – kennsluleiðbeiningar*. Menntamálastofnun.
<https://vefir.mms.is/kennsluleidbeiningar/ordspor1/>
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (e.d.-b). *Orðspor 2 – kennsluleiðbeiningar*. Menntamálastofnun. <https://klb.mms.is/klb/ordspor2>
- Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. (e.d.-c). *Orðspor 3 – kennsluleiðbeiningar*. Menntamálastofnun. <https://klb.mms.is/klb/ordspor3klb>
- Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson. (2018). Málfræði og málfræðikennsla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls. 135-173). Háskólaútgáfan.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2022). *Alls konar íslenska*. Mál og menning.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. (1982). *Málrækt kennsluleiðbeiningar 1*. Námsgagnastofnun.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. (1983). *Málrækt kennsluleiðbeiningar 2*. Námsgagnastofnun.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. (1988). *Málrækt kennsluleiðbeiningar 3*. Námsgagnastofnun.

- Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. (2006). *Málrækt 1*. Námsgagnastofnun.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. (2007). *Málrækt 2*. Námsgagnastofnun.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir. (2008). *Málrækt 3*. Námsgagnastofnun.
- Hanna Óladóttir. (2011). Málfræði handa unglíngum: Lýsandi málfræði og forskriftarmálfræði. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*.
- Hanna Óladóttir. (2017). *Skólamálfraði: Hver eru hún og hvað ætti hún að vera? Um markmið og áhrif málfræðikennslu á unglíngastigi grunnskólans* [doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.
- Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Sköpunarkraftur og sköpunarferli í skólastarfi. *Netla – Sérriit 2013 – Fagið og fræðin*. <https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2020/12/skopunarkraftur.pdf>
- Höskuldur Þráinsson. (2021). *Handbók um málfræði*. Mál og menning.
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Sköpun: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og námsgagnastofnun. <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/skopun/2/>
- Ingvar Sigurgeirsson. (1993). Hvernig er íslenska kennd á miðstigi grunnskóla? *Skíma*, 16(1), 14-25.